

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundahúsa- og ferðaþjónustusvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 6. nóvember 2001, deiliskipulag frístunda- og ferðaþjónustusvæðis í landi Hellishóla í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 45 gistiskála, 11 frístundahúsa, þriggja íbúðarhúsa, þjónustuhúsnæðis auk aðstöðu fyrir tjöld, hjólhýsi og húsbíla ásamt vegum og bílastæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 25. janúar 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

**Hrafn Jóhannsson** byggingarfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi árið 2002 í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

	1. gr.	kr.
Framkvæmdarleyfisgjald		4.000
Byggingaleyfisgjald, umfjöllun		4.000
Byggingaleyfisgjald fyrir hvern rúmmetra húss		40
Stöðuleyfisgjald		4.900
	2. gr.	
Úttektargjöld, hver úttekt		4.300